

Ár 2015, fimmtudaginn 17. desember kl. 8 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Viktoría Sif Kristinsdóttir. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir, formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

### 1. Bréf sem borist hafa frá:

#### 1.1. **Samtökum um kvennaathvarf frá nóvember 2015.**

Í bréfinu er óskað eftir rekstrarstyrki til Kvennaathvarfsins fyrir árið 2016.

Í fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir 120.000.- kr rekstrarstyrk handa Kvennaathvarfi.

#### 1.2. **Rekstrarfélaginu Eden frá 14. desember 2015.**

Í bréfinu er óskað eftir að forkaupsréttur sem Rekstrarfélagið Eden hefur að Tívolílóðinni verði framlengdur til 31. janúar 2016.

Bæjarráð samþykkir að forkaupsrétturinn verði til 31. janúar 2016.

### 2. Tæknileg málefni:

#### 2.1. **Lóðarumsókn um lóðina Mánamörk 7.**

Raftengi ehf sækir um lóðina Mánamörk 7.

Bæjarráð samþykkir að úthluta Raftengi ehf lóðinni Mánamörk 7 samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða í Hveragerði.

#### 2.2. **Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 11. desember 2015**

Í bréfinu óskar sýslumaður eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Elfu Þórðardóttur f.h. Frost og Funa ehf., kt. 690708-0940 um tímabundið áfengisleyfi föstudaginn 18. desember kl. 20:00 - 01:00, í tilefni af jólatónleikum, í Þinghúsinu, Breiðumörk 25, 810 Hveragerði.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við að sýslumaður veiti umrætt leyfi.

#### 2.3. **Bréf frá Skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss frá 30. nóvember 2015**

Í bréfinu er bókun frá 65. skipulags- og byggingar- og umhverfisnefndar Ölfuss vegna erindis frá Hveragerðisbæjar vegna borunar rannsóknarholu við gamalt vatnsból í Landi Reykja.

Skipulags- og byggingar- og umhverfisnefnd Ölfuss óskar eftir fundi

með Hveragerðisbæ og ÍSOR um leitun að vatni á þessu svæði.

Lagt fram til kynningar en fulltrúar Hveragerðisbæjar munu mæta til umrædds fundar þegar til hans verður boðað.

### 3. Fjárhagsleg málefni:

#### 3.1. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Lögð fram umsókn um að nemandi með lögheimili í Hveragerði fái að stunda nám í Grunnskólanum í Þorlákshöfn. Með umsókninni fylgdi umsögn frá félagsmálastjóra.

Bæjarráð hafnar umsókninni.

### 4. Lagaleg málefni:

#### 4.1. Úrskurður umhverfis- og auðlindamála frá 10. desember 2015.

Lagður fram úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna kæru á áskorun skipulags- og byggingarfulltrúans í Hveragerði frá 27. maí 2015 um úrbætur á heimalóð og mannvirkjum að Friðarstöðum í Hveragerði.

Niðurstaða Úrskurðarnefndar er að kærumálinu var vísað frá úrskurðarnefndinni.

Lagt fram til kynningar.

#### 4.2. Dómur Héraðsdóms Suðurlands í máli E-73/2015.

Lagður fram dómur Héraðsdóms Suðurlands í máli Aðalbjargar Katrínar Óskarsdóttur vegna ráðningar í stöðu deildarstjóra sérkennslu við grunnskólann í Hveragerði.

Niðurstaða héraðsdóms er að málsmeðferð Hveragerðisbæjar í ráðningarferlinu hafi verið ólögmet og ekki í samræmi við góða og vandaða stjórnarsýslu. Hveragerðisbæ beri því að greiða Aðalbjörgu Katrínu Óskarsdóttur, miskabætur kr. 500.000,- ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 28. apríl 2015 til greiðsludags. Fjártjón er ekki talið sannað og því eru ekki dæmdar bætur vegna þess.

Hveragerðisbær greiði Aðalbjörgu einnig 1.235.000 krónur í málskostnað.

Bæjarráð mun una dómnum fyrir sitt leyti.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:29

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)